



Stafrænt ráð

Reykjavík, 3. apríl 2025

MSS25040021

Tillaga um námskeið fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk um leiðir til lýðræðispáttöku

Meðfylgjandi er tillaga mannréttindastjóra um að halda námskeið fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk um leiðir til lýðræðispáttöku.

Óskað er eftir að tillagan sé samþykkt á fundi stafræns ráðs.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt: Tillaga



Reykjavík, 3. apríl 2025
MSS25040021

TILLAGA

Tillaga um námskeið fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk um leiðir til lýðræðisþátttöku

Lagt er til að stafrænt ráð samþykki að haldið verði námskeið fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk um leiðir til lýðræðisþátttöku dagana 26. og 27. maí n.k. Fengnir verða tveir sérfræðingar frá danska fyrirtækinu We Do Democracy sem myndu stýra fræðslu og vinnustofu á námskeiðinu.

Kostnaður við verkefnið er um ISK 1.800.000

Greinargerð:

We Do Democracy, er staðsett í Kaupmannahöfn, sérhæfir sig m.a. leiðum til í að styrkja samtal á milli opinberra aðila og íbúa. Þannig fær fólk tækifæri til að hafa áhrif á borgarsamfélagið. Sérfræðingar frá fyrirtækinu munu kynna hagnýt úrræði sem gefa aukna möguleika á þátttöku út frá ólíkum sjónarmiðum. We Do Democracy starfa eftir ráðleggingum OECD um þátttökulýðræði og halda m.a. námskeið fyrir opinbera aðila. Námskeiðin eru mótuð eftir þeim áskorunum sem blasa við opinberum aðilum hverju sinni.

Hægt er að lesa frekar um fyrirtækið hér: <https://www.wedodemocracy.com/>
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa mun hafa umsjón með námskeiðinu.

Ef tillagan er samþykkt mun mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa óska eftir flutningi fjárheimilda af kostnaðarstað 09528 íbúaráða yfir á þjónustubátt lýðræðisverkefna til að mæta þessum kostnaði.